

Íslensk þjóðtrú og dultrú í alþjóðlegum samanburði

ÞAD VAR FRÓÐLEGT að lesa Skírnisgrein Árna Björnssonar þjóðháttufræðings um merkingarbreytingu orðsins „þjóðtrú“ og einnig um viðbrögð hans og vangaveltur vegna fyrirspurna útlendinga um þjóðtrúna.¹ Það er með mig, sem Árna Björnsson, að útlendir menn hafa stundum leitað til mín til að fræðast um íslenska þjóðtrú. Er ég þó ekki sérfræðingur á því sviði og hef litlu meiri vitneskju um þjóðtrúna en fram kemur í niðurstöðum könnunar sem ég gerði árin 1974-75 og birti í bókinni *Pessa heims og annars*.² Í þeirri könnun voru svarendur 902, eða 80 af hundraði tilviljunarúrtaks sem fengið var úr þjóðskrá. Könnunin leiddi ýmsilegt í ljós sem kom á óvart og fjallaði að meginefni um þrjú svið:

Séríslensk þjóðtrú. Fram kom talsverð trú fólks á fylgjur (37%) og álagabletti (33%), álfa og huldufólk (22%), auk þess sem nokkur hópur manna taldi sig búa yfir beinni persónulegri reynslu af fylgjum (17%), álfum og huldufólki (5%) og álagablettum (2%).³

Dulræn fyrirbæri. Þetta eru ýmis fyrirbæri sem ekki eru séríslensk, svo sem berdreymi, reimleikar, skyggni og meint reynsla af látnum. Trú á tilvist þessara fyrirbæra og meint eigin reynsla af þeim reyndist þessi: Berdreymi (trú 54%, reynsla 36%), reimleikar (trú 21%, reynsla 18%), og skyggni (séð eða skynjað látinn) (trú 57%, reynsla 31%).

- 1 Árni Björnsson (1996). „Hvað merkir þjóðtrú?“ *Skírnir*, 170, 79-104.
- 2 Erlendur Haraldsson (1978). *Pessa heims og annars. Könnun á dulrænni reynslu Íslendinga, trúarviðhorfum og þjóðtrú*. Reykjavík: Bókaforlagið Saga.
- 3 Spurt var hvort menn teldu tilvist hvers fyrirbæris vissa, líklega, mögulega, ólíklega eða óhugsandi. Undir trú er að finna samanlagða hundraðstölu þeirra sem annaðhvort töldu tilvist fyrirbæris vissa eða líklega. Sjá nánar í *Pessa heims og annars*.

Trúarleg efni. Athygli vakti að 78% svarenda töldu sig nokkuð eða mjög trúaða, um fjórðungur kvaðst hafa orðið fyrir trúarlegri reynslu og tveir þriðju töldu framhaldslíf víst eða líklegt.

Það er hin séríslenska þjóðtrú, ásamt trúnni á drauga, sem hvað mesta athygli hefur vakið meðal útlendinga. Spurningar um þau efni hafa sennilega orðið sumum hvimleiðar og erfiðar eins og lesa má úr orðum Árna Björnssonar: „hef ég þrúfált mátt spyrja sjálfan mig hvort ég væri að segja satt eða hvort ég ætti yfirleitt að segja satt um þessi efni“ (bls. 79). Hér íhugar Árni hvort ekki væri réttara að þegja yfir þessum niðurstöðum, sem ýmsum, þar á meðal honum, virðast sýna hjátrú þjóðarinnar berskjaldaða.

Ég tel að staða okkar í þessum efnum sé ekki eins einstæð og flestir landar mínir, sem og hinir útlendu spyrjendur, telja. Það sem hefur vantað er haldgóð vitneskja um sambærilegan átrúnað og reynslu annarra þjóða. Sérþjóðlegur átrúnaður er til víða um lönd en fæstar þjóðir hafa haldið honum jafn vel til haga og við höfum gert í þjóðsögum, söfnum þjóðháttafraðinga og í ofanefndri könnun. Aðeins í Bandaríkjunum hefur verið framkvæmd könnun sem nálgast að vera jafn umfangsmikil og sú sem hér var gerð en nær þó aðeins til íbúa einnar borgar.⁴ Á Bretlandi, í Svíþjóð og Þýskalandi eru til kannanir sem ná að hluta til yfir það efni sem var í íslensku könnuninni.⁵ Svo er til hin alþjóðlega gildakönnun, sem ég vík að síðar, en í henni eru aðeins þrjár spurningar um efnið.

Þær kannanir sem til eru leyfa samt alþjóðlegan samanburð um sum þessi efni. Sá samanburður getur skýrt einhverjar hliðar þessa máls og komið því í víðara samhengi. Því má vera að það sem blasir við hér á landi sé einnig til staðar annars staðar, jafnvel í svipuðum mæli, en fari þar leynt eða sé ekki gaumur gefinn. En víkjum fyrst nánar að reynslu landsmanna af draugum, sem allir

4 John Palmer (1979). „A community mail survey of psychic experiences.“ *Journal of the American Society for Psychological Research*, 73, 221-51.

5 Erlendur Haraldsson (1985). „Representative national surveys of psychic phenomena: Iceland, Great Britain, Sweden, USA and Gallup's multinational survey.“ *Journal of the Society for Psychological Research*, 53, 145-58.

ættu að vita að ekki eru séríslenskt fyrirbæri. Ég tel reyndar hlutlausara og nútímalegra orðalag að tala í flestum tilvikum um meinta reynslu af látnum, því um það heyrum við ef þeir eru spurðir sem telja sig búa yfir slíkri reynslu.

Viðtalskönnun um meinta reynslu af látnum

Tekin voru ítarleg viðtöl við á annað hundrað manns sem í könnuninni 1974-75 töldu sig hafa orðið vara við látna. Seinna bættust við um 350 manns sem náð var í á annan hátt, svo til er mikið safn um þetta efni þótt því hafi verið lítil skil gerð til þessa.⁶ Við fengum frásagnir af reynslunni og lýsingu á aðstæðum. Þessum reynslusögum má skipta í nokkra flokka, eftir því hvernig hinn látni á að hafa verið skynjaður (séður, heyður eða á annan hátt), hver hinn látni hafði verið (náð skyldmenni, kunningi, samstarfsmaður eða ókunnugur), hvað hafði orðið manningnum að aldurtíla (sjúkdómur eða slys eða annar voveiflegur dauðdagi) og fleira.

Þrenns konar tilvik skáru sig nokkuð úr, sem öll geta þó skarast. Fyrst má nefna frásagnir þar sem viðkomandi kvað sig hafa orðið varan við mann sem dó í fjarska á sama tíma og hann dó, án þess að hafa búist við dauða hans. Dæmi:

Ég sat á þingi í 18 ár og kynntist auðvitað ýmsum mönnum og varð úr því kunningsskapur við flesta. Einn af þeim var Karl Kristjánsson þingmaður Þingeyinga, hann bjó á Húsavík, þekktur maður á sinni tíð og hagarðingur góður. Nú, við höfðum svona kunningsskap, ég heimsótti hann þegar hann varð átræður o.s.frv., það fóru orð á milli okkar og þvíumlíkt. Svo líður og bíður, og veturinn sem hann andast þá er það einn góðan veðurdag að ég fer út eins og ég átti vanda til eftir matinn og moka hesthús, ég hafði það svona til þess að hressa mig á. Þegar ég er búinn að moka nokkrar skóflur þá finnst mér allt í einu að Karl Kristjánsson standi beint fyrir framan mig uppi í bás í hesthúsinu og segi svona dálítið sérkennilega við mig: „Þú varst heppinn, þér gekk vel“, og þar með var það búíð, þar með hvarf hann. Ég hélt áfram að moka hesthúsið og fór svo inn. En um kvöldið þá var sagt frá andláti hans í útvarpinu. Nú fór ég að spekulera í þessu dálítið, hvernig gæti staðið á þessu og

6 Erlendur Haraldsson (1988-89). „Survey of claimed encounters with the dead.“ *Omega, the Journal of Death and Dying*, 19, 103-13.

Þá komst ég að því að hann hafði dáið þannig að hann fékk hjartaáfall og var fluttur á Borgarspítalann og andaðist þar, en þar hafði ég verið sjálfur eins og einu ári áður eða tæplega það með sams konar áfall og það var hægt að bæta úr því og ég komst heim. Og ég set þetta svona í samband við það.

Næsti flokkur var um reynslu af mönnum sem höfðu dáið voveiflega. Þeir voru alloft ókunnugir þeim sem töldu sig verða vara við þá. Þessi flokkur tilvika líkist sennilega helst þeim hugmyndum sem menn gera sér almennt um draugagang. Dæmi:

Þetta var sumarið 1966, ég var á bát sem hét Svanur AK 101. Einu sinni var ég milli svefnis og vöku frammi í lúkar, en glaðvakna við það að það er maður við eldavelína, ungur maður í blárri peysu og með klút um hálsinn, og var að bogra yfir henni, var alltaf að bæta við hitann á henni, eða mér fannst hann vera að því. Nú, ég vissi vel að þetta var ekki maður af skipinu og ætlaði að fara að athuga þetta nánar, en þá bara hverfur hann. Ég fékk upplýsingar um það seinna að þessi piltur brann þarna inni, réttara sagt brann ekki heldur kafnaði í reyk.

Þá má minnst á einn flokk til, en hann er um reynslu ekkla og ekkna af látnum mökum sínum. Útlendar kannanir hafa sýnt að um helmingur ekkla og ekkna telur sig verða varann við maka sinn eftir andlát hans, þótt fæstir hafi hátt um það.⁷ Rannsókn okkar gefur til kynna að svo sé einnig hér á landi. Dæmi:

Ég missti manninn minn þarna um sumarið, séra ... Ég hefi nú ekki verið neitt næm ... Svo var það eitt kvöld að ég var lasin og mér leið illa, og ég saknaði hans náttúrlega. Allt í einu sé ég hann standa framan við bekkinn þar sem ég lá í stofunni og hann horfði svona geislandi augum á mig. Ég var bara alsæl. Ég þori ekkert að segja um hvað þetta var löng stund eða stutt, og ég man ekki hvort ég sá nema andlitið, en ég man sérstaklega eftir andlitinu og geislandi augunum, hann var nú svo ákaflega fallega eygður. Og ég var alls ekki sofandi, það var nú staðreynd.

Í þessari rannsókn má finna flest það eftirtektarverðasta sem fram kom í rannsókn sem gerð var á Bretlandi fyrir rúmri öld. Þar var í

7 W. D. Rees (1971). „The hallucinations of widowhood.“ *British Medical Journal*, 4, 209-21.

fyrsta sinn miklum fjölda vitnisburða um persónulega reynslu af dulrænum fyrirbærum safnað saman og grandskoðaður.⁸

Hin alþjóðlega gildakönnun

Í einni umfangsmestu samanburðarkönnun sem gerð hefur verið í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum fengust mjög athyglisverð gögn um útbreiðslu meintrar reynslu af látnum hjá hinum ýmsu þjóðum. Hún var nefnd *The European Human Values Survey* og fjallaði að meginefni um vinnu, fríustundir, fjölskyldulíf, trúmál og þjóðfélagsmál og var alls staðar gerð með stórum dæmigerðum úrtökum.⁹ Hún var framkvæmd hérlendis árið 1984 af Hagvangi hf. (Gallup) og gekk undir nafninu „Könnun á gildismati og mannlegum viðhorfum Íslendinga“.¹⁰

Inn í þessa könnun var skotið þremur spurningum sem skipta máli fyrir þjóðtrúna í víðari merkingu, eða dultrúna eða furðutrúna sem Árni nefnir svo. Þær spurningar komu frá bandaríska félagsfræðingnum Andrew M. Greeley¹¹ og voru þýddar þannig á íslensku:

Hefur þú nokkurn tíma orðið fyrir eftirfarandi reynslu?

- *Fundist þú vera í sambandi við einhvern þótt hann væri víðs fjarri?*
- *Séð atburði sem áttu sér stað langt í burtu á sama tíma og þeir gerðust?*
- *Fundið fyrir nálegð látins manns?*

Þessar spurningar fjalla um þrjár tegundir dulrænnar reynslu; fjarhrif, fjarskyggni og reynslu af látnum. Þeim mátti svara með „nei aldrei“, „já“ eða „veit ekki“. Auðvitað eru kannanir háðar

8 E. Gurney, F. W. H. Myers og F. Podmore (1886). *Phantasms of the living*. London: Trubner. – H. Sidgwick og Committee (1894). „Report on the Census of Hallucinations.“ *Proceedings of the Society for Psychological Research*, 10, 25-422.

9 S. Harding, D. Phillips og M. Fogarty (1986). *Contrasting values in Western Europe*. London: Macmillan, in association with the European Value Systems Study Group.

10 Hagvangur hf. (nóvember 1984). *Könnun á gildismati og mannlegum viðhorfum Íslendinga. Fyrstu niðurstöður*.

11 Andrew M. Greeley (1975). *The Sociology of the Paranormal: A Reconnaissance*. Beverly Hills, CA: Sage Publications.

annmörkum og ástæða til að taka niðurstöðum þeirra með nokkrum fyrirvara, enda fer engin raunprófun fram á því hvað liggur að baki hvers svars. Þá hefði mátt orða spurningar Greelcys á skýrari hátt, og hugsanlega hafa ólíkar þýðingar á hin ýmsu mál haft einhver áhrif á niðurstöður.

Bækur hafa verið skrifaðar um niðurstöður þessarar alþjóðlegu könnunar, t.d. í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi.¹² Í engri þessara þriggja bóka var minnst á fyrrnefndar þrjár spurningar. Höfundar þeirra virðast hafa velt því fyrir sér, eins og Árni Björnsson, hvort þeir ættu yfirleitt að skýra frá þessum sérstöku niðurstöðum og ákvörðun þeirra orðið neikvæð. Afleiðingin er sú að það litla sem kannað hefur verið á skipulegan hátt er alþjóð þessara landa ókunnugt um.

Ég var einn þeirra sem vann að undirbúningi þessarar könnunar hér á landi, fékk síðar aðgang að gögnum frá öllum þátttökulöndunum og vann svo ásamt hollenskum samstarfsmanni, J. M. Houtkooper, úr þessum gögnum sem byggja á svörum meira en 18 þúsund manns.¹³ Tíðni svara í hinum ýmsu löndum við spurningum Greeleys má sjá í töflu sem hér er birt.

Við reiknuðum m.a. út hlutfall svarenda í hinum ýmsu löndum sem töldu sig hafa reynt einhverja hinna þriggja tegunda dulrænnar reynslu. Á það má líta sem mælikvarða um útbreiðslu dultrúar í viðkomandi löndum. Hæsta hlutfall reyndust Bandaríkjamenn og Ítalir hafa. Sextíu af hundraði þeirra töldu sig hafa orðið fyrir a.m.k. einhverri ofanefndri reynslu. Í þriðja sæti voru Íslendingar með 52% svarenda, þá Þjóðverjar með 49% og Bretar með 48%. Þessar tölur gefa ekki til kynna að dultrú okkar

12 E. Noelle-Neumann og R. Köcher (1987). *Die Verletzte Nation*. Stuttgart: Deutsche Verlags-Anstalt. – L. Halman, F. Heunks, R. de Moor og H. Zanders (1987). *Traditie, Secularisatie en Individualisering: Een Studie naar de Waarden van de Nederlanders in een Europese Context*. Tilburg: Tilburg University Press. – S. Harding, D. Phillips og M. Fogarty (1986). *Contrasting values in Western Europe*. London: Macmillan, in association with the European Value Systems Study Group.

13 Erlendur Haraldsson og Joop M. Houtkooper (1991). „Psychic Experiences in the Multi-National Human Values Survey.“ *Journal of the American Society for Psychological Research*, 85, 145-65.

sé með eindæmum. Þær gefa einnig ástæðu til að álykta að um helmingur íbúa þessara stóru rötgrónu menningarlanda trúí á tilvist dulrænna fyrirbæra, þar sem þeir telja sig hafa reynt þau. Þessu gæti Árni Björnsson skotið að útlendum spyrjendum sem í fávísi sinni undrast eða hneykslast á dultrú Íslendinga.

Næstir okkur meðal Norðurlandaþjóða voru Finnar með 45%. Lægsta hlutfall allra Evrópuþjóða höfðu Norðmenn (24%), sú þjóð sem við teljum okkur skyldasta og er það eftirtektarvert.

Hundraðstala manna í hinum ýmsu löndum sem telja sig hafa orðið fyrir dulrænni reynslu

	Einhver dulræn reynsla*	Fjarhrif	Fjarskyggni	Reynsla af látnum**
Ítalía	60	41	39	34
Bandaríkin	60	54	25	27-42
Ísland	52	34	7	31-41
Vestur-Þýskaland	49	39	17	28
Frakkland	48	35	24	24
Finnland	45	39	15	14
Bretland	44	36	14	26
Holland	34	29	12	12
Spánn	32	21	14	16
Svíþjóð	31	24	7	14
Írland	30	19	11	16
Belgía	29	21	14	18
Danmörk	25	15	12	10
Noregur	24	17	7	9
Vestur-Evrópa	46	34	21	25

* *Einhver hinna þriggja tegunda, þ.e. fjarhrif, fjarskyggni eða reynsla af látnum.*

** *Fyrir Ísland og Bandaríkin eru birtar hundraðstölur um meinta reynslu af látnum úr könnunum sem gerðar voru með nokkurra ára millibili.*

Því má skjóta hér inn í að við eigum einnig samleið með Bandaríkjamönnum og Ítölum hvað varðar sterka guðstrú en 85% íslenskra svarenda játa trú á Guð. Innan Evrópu finnst slík hundraðstala einungis hærri eða sambærileg á Írlandi (95%), Spáni (87%) og Ítalíu (84%), rammkaþólskum löndum, sem og í

Bandaríkjunum (87%). Önnur Evrópulönd hafa lægri hundradstölu, sum mun lægri, svo sem Danmörk með 58% og Frakkland með 62%.

En hvað um reynslu af látnum? Í könnun höfundar árin 1974-75 taldi 31% sig hafa orðið vart við látinn mann og í hinni alþjóðlegu gildakönnun árið 1984 kvaðst 41% hafa fundið fyrir nálægð látins manns. Tölur frá Bandaríkjunum í þremur könnunum sem þar hafa verið gerðar eru 27% (1973), 31% (1984) og 42% (1987).¹⁴ Nær samhljóða hundradstölur Íslendinga og Bandaríkjamanna eru þó ekki umtalsvert hærrí en hjá Ítölum (34%), og Þjóðverjar (28%) og Bretar (26%) fylgja fast á eftir. Sé litið á íbúa Vestur-Evrópu í heild kemur í ljós að fjórðungur þeirra telur sig hafa persónulega reynslu af látnum („draugum“). Eftirtektarvert er hve tölurnar frá hinum Norðurlöndunum eru lágar, frá 9 til 14%, lægstar hjá Norðmönnum. Í töflunni hér að framan má sjá tölur um dulræna reynslu manna í ýmsum löndum.

Niðurstaðan um dultrú og draugatrú okkar Íslendinga er því sú að alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að við erum ekki einstök á þessu sviði, einungis í hópi þeirra hæstu og þar í góðum félagsskap að mínu mati.

Þá er það þjóðtrúin, sem í huga mínum er fyrst og fremst hin séríslenska þjóðtrú, svo sem trú á fylgjur, álfa og huldufólk og álagabletti. Hér vantar rannsóknir og kannanir sem leyfa samanburð við önnur lönd. Þjóðfræðingar ættu að taka til hendinni, leita út fyrir landsteinana og kanna skipulega hvort finna megi þessa trú eða sambærilega hefð á Norðurlöndum eða Írlandi og Bretlandi. Hugsanlega gætu slíkar kannanir varpað ljósi á uppruna hinnar séríslensku þjóðtrúar. Fyrir mörgum árum var því skotið að mér að á Írlandi væri í sveitum talað um „spelled spots“, það er staði eða bletti sem álög eða einhvers konar töfrar lægju á. Ef það reynist rétt, en engin slík trú finnst í Noregi, væri það ábending um hvert rekja megi trú á álagabletti.

Erlendur Haraldsson

14 Andrew M. Greeley. „Mysticism Goes Mainstream.“ *American Health*, jan./feb. 1987, 47-49.